

VII. VIÐAUKI

Merki til að setja á notendabúnað sem um getur í 4. mgr. 11. gr.

óbreytt (athuga tilvísun í fyrirsögn)

VIII. VIÐAUKI

Fyrirmynd yfirlýsingar sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

óbreytt

Nr. 394

11. júlí 1994

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 427, 26. október 1993,
um vigtun sjávarafla.**

1. gr.

Á eftir orðunum: „Hafnarsambandi sveitarfélaga“ í 1. málslíð 27. gr. reglugerðarinnar komi: einum tilnefndum af Fiskistofu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. júlí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 395

6. júlí 1994

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992–2012.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. júní 1994 staðfest breytingar á aðalskipulagi Kópavogs 1992–2012 frá 29. apríl 1994, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á lóðinni Engihjalla 6 breytist úr „skipulagi frestað“ í opið svæði til sérstakra nota, það er almenningsgarð.

Bæjarstjórn Kópavogs tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisstofnun, 6. júlí 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.